

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa  
Ársreikningur 2020

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa  
Katrínartúni 4  
105 Reykjavík

Kt. 460169-6909

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun kirkjuráðs .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun kirkjuráðs

---

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa er þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar sem starfar á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar. Biskup Íslands fer með yfirstjórn Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningum og starfi hennar í landinu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Á 58. kirkjuþingi 2019, - aukakirkjuþingi, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

Fulltrúar íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019. Með viðbótarsamningnum fellur síðarnefndi samningurinn frá 4. september 1998 úr gildi en samkomulagið frá 1997 verður áfram í gildi, sbr. þó þær breytingar sem felast í hinum nýja viðbótarsamningi.

Í samningnum felast nýjar viðmiðanir og breytt fyrirkomulag á ýmsum þeim atriðum sem fjallað er um í fyrri samningum aðila. Markmið viðbótarsamningsins er að einfalda framkvæmd fjárhagslegra samskipta ríkisins og Þjóðkirkjunnar á grundvelli framangreindra samninga. Með viðbótarsamningnum er einnig stefnt að auknu sjálfstæði Þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum. Til að ná þeim markmiðum sem viðbótarsamningurinn felur í sér undirrituðu sömu aðilar einnig viljayfirlýsingu þar sem stefnt er að ákveðnum lagabreytingum í þeim tilgangi að einfalda frekar allt lagaumhverfi um fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju og á þeim greiðslum sem Þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði. Hefur þeim lagabreytingum að miklu leyti verið hrint í framkvæmd.

Í stað lagafyrirmæla ræður Þjóðkirkjan nú í öllum aðalatriðum skipulagi sínu, starfi og verkefnum og veitir fjármunum til útgjaldaliða í samræmi við það. Ríkið leggur ekki lengur til tiltekinn fjölda presta og annarra starfsmanna heldur innir af hendi mánaðarlega fjárhæð til kirkjunnar. Þær greiðslur sem kirkjan fær samkvæmt samkomulaginu munu hér eftir taka breytingum á þeim sömu almennu launa- og verðlagsforsendum sem liggja til grundvallar í fjárlögum hvers árs. Kirkjan annast sjálf fjármál sín, svo og launagreiðslur og bókhald, í stað Fjárslu ríkisins áður. Kjörnir endurskoðendur endurskoða fjárreiður í stað Ríkisendurskoðunar áður. Kirkjan nýtur enn stuðnings íslenska ríkisins líkt og kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins. Áfram mun löggjöf um Þjóðkirkjuna gera ráð fyrir ákveðnum tengslum á milli Þjóðkirkjunnar og ríkisins.

Starfsfólk kirkjunnar, þ.e. prestar og starfsfólk á biskupsstofu, telst ekki lengur til starfsmanna ríkisins og stjórnsýslulög gilda ekki lengur um starfsemi kirkjunnar.

Ofangreindar breytingar fela það einnig í sér að Kirkjumálasjóður, Jöfnunarsjóður sókna og Kristnisjóður starfa ekki lengur sem sjálfstæðir sjóðir heldur hefur rekstur þeirra verið sameinaður rekstri Þjóðkirkjunnar. Samanburðarfjárhæðir í ársreikningi vegna ársins 2019 innihalda því samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum Þjóðkirkjunnar, Kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs vegna ársins 2019, eins og nánar er gerð grein fyrir í skýringum 2 og 22 í ársreikningnum.

Á árinu 2020 nam tap af rekstri 653,9 millj. kr. en þar af nam tap af sölu fasteigna samtals 207,5 millj. kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 4.136,7 millj. kr. Vísast til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Til að bregðast við taprekstri kirkjunnar er hafin aðgerðaáætlun með skýrum verkferlum sem snýr að milliuppgjörum og að bókhaldið sé notað sem stjórnþæki sem skilar sér í betri ákvörðunartöku og getu til að bregðast hratt við ófyrirsjáanlegum breytingum. Einnig er verið að vinna að heildstæðri eignastefnu fyrir Þjóðkirkjuna.

## Skýrsla og áritun kirkjuráðs, frh.:

---

Kirkjuráð hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Kirkjuráð leggur til við Kirkjubing að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 12. mars 2021.

Kirkjuráð:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til kirkjupings og kirkjuráðs

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit með fyrirvara

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu („félagsins“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar, að teknu tilliti til mögulegra áhrifa þeirra atvika sem lýst er í kaflanum um grundvöll álits með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits með fyrirvara

Við höfum ekki fengið aðgang að gögnum til að endurskoða hluta skammtímakrafna og skammtímaskulda í byrjun ársins 2020, þar sem frágangi ársreikninga 2019 lauk ekki fyrr en undir lok febrúar 2021. Fjárhæð skammtímakrafna sem um ræðir nam 75,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í upphafi reikningsárs 2020 og viðkomandi skammtímaskuldir námu 365,1 millj.kr. Við höfum ekki getað staðfest viðkomandi kröfur og skuldir í ársbyrjun með öðrum aðgerðum. Af þeirri ástæðu var okkur ekki unnt að leggja mat á hvort þörf væri á leiðréttingum á rekstrargjöldum og afkomu í rekstrarreikningi ásamt handbæru fé frá rekstri.

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Önnur atviki tengd samanburðarfjárhæðum

Við vekjum athygli á að við höfum ekki endurskoðað efnahagsreikning 31. desember 2019, rekstrarreikning og sjóðstreymi fyrir árið 2019 og skýringar sem varða framangreint. Þar af leiðandi gefum við ekki álit á þeim.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 12. mars 2021.

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	Óendurskoðað 2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Opinber framlög .....		3.727.700.000	3.788.942.901
Leigutekjur .....		69.638.538	94.450.013
Aðrar tekjur .....	11	47.949.200	40.814.673
		<u>3.845.287.738</u>	<u>3.924.207.587</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	12	2.962.088.178	2.700.089.381
Styrkir og tilfærslur .....		511.646.816	547.557.821
Rekstur og viðhald eigna .....		277.284.425	265.300.818
Annar rekstrarkostnaður .....		492.401.550	437.774.726
Tap af sölu eigna .....		207.489.237	0
Afskriftir .....	13	49.328.866	9.422.483
		<u>4.500.239.072</u>	<u>3.960.145.229</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		( 654.951.334)	( 35.937.642)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		34.674.530	33.776.667
Vaxtagjöld .....		( 33.127.730)	737.944
Fjármagnstekjuskattur .....		( 500.954)	( 1.361.611)
		<u>1.045.846</u>	<u>33.153.000</u>
<b>Tap ársins .....</b>	19	<u>( 653.905.488)</u>	<u>( 2.784.642)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	óendurskoðað 2019
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....	14	352.433	8.266.612
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15	3.610.707.729	4.356.175.360
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	16	1.008.000	1.008.000
Skuldabréfaeign .....	17	29.467.322	31.081.262
Sauðfjárgreiðslumark .....		651.225	651.225
Fastafjármunir		<u>3.642.186.709</u>	<u>4.397.182.459</u>
Kröfur á tengda aðila .....		0	140.841.585
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar .....	17	1.011.612	850.788
Aðrar skammtímakröfur .....	18	161.622.903	75.462.498
Handbært fé .....	10	1.139.053.466	811.862.724
Veltufjármunir		<u>1.301.687.981</u>	<u>1.029.017.595</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.943.874.690</u>	<u>5.426.200.054</u>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll .....		5.563.970.143	6.217.875.631
Ábyrgðardeild .....		85.115.743	85.115.743
Endurmatsreikningur .....		( 1.512.409.362)	( 1.512.409.362)
Eigið fé	19	<u>4.136.676.524</u>	<u>4.790.582.012</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		0	259.430.783
Langtímaskuldir		<u>0</u>	<u>259.430.783</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		0	11.086.085
Viðskiptaskuldir .....		169.134.381	57.262.683
Skuldir við tengda aðila .....		0	14.165.202
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		309.580.376	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....		0	3.699.555
Aðrar skammtímaskuldir .....		328.483.409	289.973.734
Skammtímaskuldir		<u>807.198.166</u>	<u>376.187.259</u>
Skuldir samtals		<u>807.198.166</u>	<u>635.618.042</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>4.943.874.690</u>	<u>5.426.200.054</u>



## Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	Óendurskoðað 2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Afkoma ársins .....	19	( 653.905.488)	( 2.784.642)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap (hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna .....		207.489.237	( 1.370.000)
Afskriftir .....	13	49.328.866	1.525.409
Áfallnar verðbætur og gengismunur langtímalána .....		0	7.212.841
Veltufé (til) frá rekstri		( 397.087.385)	4.583.608
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		54.681.180	( 155.016.781)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		442.096.992	145.894.928
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		496.778.172	( 9.121.853)
Handbært fé frá (til) rekstrar		99.690.787	( 4.538.245)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	14	0	( 1.553.720)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	15	( 7.897.056)	( 184.179.785)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		504.460.763	93.250.000
Skuldabréfaeign, breyting .....		1.453.116	1.770.689
Fjárfestingarhreyfingar		498.016.823	( 90.712.816)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		( 270.516.868)	( 10.328.941)
Fjármögnunarhreyfingar		( 270.516.868)	( 10.328.941)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		327.190.742	( 105.580.002)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		811.862.724	917.442.726
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		1.139.053.466	811.862.724

# Skýringar

## 1. Félagið

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa („Félagið“) hefur lögheimili að Katrínartúni 4 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í tilsjón með kristnihaldi, kenningum kirkjunnar og starfi hennar í landinu.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leiti en því að fasteignir hafa verið færðar á fasteignamati. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því að nú eru afskriftir af fasteignum færðar í rekstrarreikninginn.

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum og samningum við ríkið. Kirkjumálasjóður, Jöfnunarsjóður sókna og Kristnisjóður starfa ekki lengur sem sjálfstæðir sjóðir heldur hefur rekstur þeirra verið sameinaður rekstri þjóðkirkjunnar. Samanburðarfjárhæðir í ársreikningi vegna ársins 2019 innihalda því samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum Þjóðkirkjunnar, Kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs vegna ársins 2019, eins og nánar er gerð grein fyrir í skýringu 22 í ársreikningnum.

## 3. Leiðrétt skekkja vegna fyrra árs

Á árinu 2020 uppgötvaðist skekkja í ársreikningi Þjóðkirkjunnar vegna ársins 2019. Skekkjan nam 93,8 millj. kr. og er vegna þess að framlag til Kristnisjóðs frá ríkinu hafði verið ranglega fært til tekna í ársreikning Þjóðkirkjunnar en framlagið var fært með réttum hætti í bókhald Kristnisjóðs. Þar sem skekkjan er veruleg og hefur áhrif á samanburðartölur í ársreikningi, þá hefur hún verið leiðrétt með því að lækka eigið fé í byrjun árs 2020. Sjá nánar í skýringu 19.

## 4. Innlausn tekna

Tekjur vegna opinberra framlaga til rekstarins eru færðar á því tímabili sem þær tilheyra. Leigutekjur eru færðar til tekna í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga á leigutímanum. Arður af hlunnindum er færður til tekna við móttöku og aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## 5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru keyptur hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma sem er 5 ár.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir félagsins, jarðir og hlunnindi sem þeim tengjast eru færðar til eignar á fasteignamati og eru breytingar á fasteignamati færðar á endurmatsreikning á meðal eigin fjár. Allt viðhald fasteigna hefur því verið gjaldfært. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	33 - 100 ár
Innréttingar og búnaður .....	3-7 ár

## 7. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádregningu virðisrýrnun, ef við á.

## 8. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Niðurfærsla hefur verið færð í ársreikninginn til að mæta áætlaðri tapsáhættu og er hún dregin frá skuldabréfaeign í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 10. Handbært fé

Sjóður, óbundnar bankainnstæður sem og innstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## 11. Framlög og ýmsar tekjur

Framlög og ýmsar tekjur greinast þannig:	2020	2019
Arður af hlunnindum .....	17.299.102	16.346.819
Söluhagnaður .....	0	9.267.074
Framlög prófastdæma og héraðssjóða .....	6.599.463	270.000
Seld þjónusta .....	0	1.710.165
Ýmsar tekjur .....	24.050.635	13.220.615
Aðrar tekjur samtals .....	47.949.200	40.814.673

## 12. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun .....	2.423.928.430	2.155.791.920
Launatengd gjöld .....	520.918.823	512.885.313
Bílastyrkur og akstur .....	1.103.843	5.303.445
Breyting á áföllu orlofi og öðrum skuldbindingum .....	12.138.028	19.390.308
Annar starfsmannakostnaður .....	3.999.054	6.718.395
Laun og launatengd gjöld samtals .....	2.962.088.178	2.700.089.381

## 13. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2020	2019
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýr 14 .....	0	2.895.456
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sbr. skýr 15 .....	49.328.866	6.527.027
	49.328.866	9.422.483

## 14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Hugbúnaður
Bókfært verð 1.1.2019 .....	9.608.348
Viðbót á árinu .....	1.553.720
Afskriftir ársins .....	( 2.895.456)
Bókfært verð 31.12.2019 .....	8.266.612
Endurflokkað á varanlega rekstrarfjármuni .....	( 7.914.179)
Bókfært verð 31.12.2020 .....	352.433
Afskriftahlutföll .....	0%

# Skýringar

## 15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Jarðir	Innréttingar og búnaður	Hlunnindi	Samtals
Heildarverð 1.1.2019 .....	3.560.558.000	339.853.000	31.443.808	289.829.000	4.221.683.808
Viðbót á árinu .....	136.560.388		44.209.997		180.770.385
Endurmat ársins .....	57.322.000	( 671.000)		9.019.000	65.670.000
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 88.800.000)	( 3.080.000)	( 6.596.358)		( 98.476.358)
Heildarverð 31.12.2019 .....	3.665.640.388	336.102.000	69.057.447	298.848.000	4.369.647.835
Viðbót á árinu .....			7.897.056		7.897.056
Endurflokkað .....			7.914.179		7.914.179
Selt á árinu .....	( 711.950.000)			( 711.950.000)	
Heildarverð 31.12.2020 .....	2.953.690.388	336.102.000	84.868.682	298.848.000	3.673.509.070
Afskrifað alls 1.1.2019 .....			13.541.806		13.541.806
Afskriftir færðar út við sölu .....			( 6.596.358)	( 6.596.358)	
Afskriftir ársins .....			6.527.027		6.527.027
Afskrifað alls 31.12.2019 .....	0	0	13.472.475	0	13.472.475
Afskriftir færðar út við sölu .....					0
Afskriftir ársins .....	32.167.640		17.161.226		49.328.866
Afskrifað alls 31.12.2020 .....	32.167.640	0	30.633.701	0	62.801.341
Bókfært verð 31.12.2019 .....	3.665.640.388	336.102.000	55.584.972	298.848.000	4.356.175.360
Bókfært verð 31.12.2020 .....	2.921.522.748	336.102.000	54.234.981	298.848.000	3.610.707.729
Afskriftahlutföll .....	1-3%	0%	15-30%	0%	

## Vátryggingarverðmæti

Brunabótamat fasteigna nam 8.761,9 millj. kr. í árslok 2020.

## 16. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í Hitaveitu er bókfærður á upphaflegu kostnaðarverði.

# Skýringar

## 17. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign greinist þannig:	2020	2019
Kröfur vegna sölu á fasteignum .....	2.626.800	2.894.983
Skuldabréf frá Jöfnunarsjóði sókna .....	10.611.641	11.796.574
Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorlákshúðar .....	10.316.574	10.316.574
Reykholtsstaður ehf. ....	17.240.493	17.240.493
Skuldabréfaeign samtals .....	40.795.508	42.248.624
Afskriftareikningur vegna varúðarniðurfærslu .....	( 10.316.574)	( 10.316.574)
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar .....	( 1.011.612)	( 850.788)
Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi .....	29.467.322	31.081.262

Afborganir skuldabréfaeignar greinist þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2021/2020 .....	1.011.612
Afborganir árið 2022/2021 .....	1.011.612
Afborganir árið 2023/2022 .....	1.011.612
Afborganir árið 2024/2023 .....	1.009.732
Afborganir árið 2025/2024 .....	1.009.732
Síðar .....	35.741.208
Afborganir skuldabréfaeignar samtals .....	40.795.508

## 18. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2020	2019
Endurgreiðsla virðisaukaskatts .....	98.095.360	48.348.105
Viðskiptakröfur .....	10.751.650	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	51.580.090	0
Aðrar skammtímakröfur .....	1.195.803	27.114.393
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	161.622.903	75.462.498

## 19. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Höfuðstóll	Ábyrgðar- deild	Endurmats- reikningur	Samtals
Eigið fé 31.12.2019 .....	6.311.675.631	85.115.743	( 1.512.409.362)	4.884.382.012
Leiðrétting v fyrra árs .....	(93.800.000)			(93.800.000)
Leiðrétt eigið fé 1.1.2020 .....	6.217.875.631	85.115.743	( 1.512.409.362)	4.790.582.012
Tap ársins .....	( 653.905.488)			( 653.905.488)
Eigið fé 31.12.2020 .....	5.563.970.143	85.115.743	( 1.512.409.362)	4.136.676.524

# Skýringar

## 20. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningur félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og þeir þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur um skrifstofuhúsnæðið er til lok september 2026 ársloka 2027. Í samningunum er ekki að finna uppsagnar- eða framlengingarheimildir. Leigusamningurinn um skrifstofuhúsnæðið er verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Rekstrarleigugjöld námu 54,7 millj. kr. á árinu. Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings.

	<b>2020</b>
Afborgarnir árið 2021 .....	60.391.685
Afborgarnir árið 2022 .....	60.391.685
Afborgarnir árið 2023 .....	60.391.685
Afborgarnir árið 2024 .....	60.391.685
Afborgarnir árið 2025 .....	60.391.685
Síðar .....	45.293.764
Rekstrarleigugreiðslur samtals .....	<u>347.252.189</u>

## 21. Önnur mál

### Málaferli og kröfur

Þjóðkirkjunni – Biskupsstofu hefur verið stefnt fyrir dóm til greiðslu skaðabóta vegna meintrar, ólögætrar tilfærslu úr einu prestsembætti í annað árið 2015, uppsagnar úr starfi árið 2020 og til greiðslu miskabóta vegna framangreinds. Dómkröfur nema samtals kr. 9,8 millj.kr. með dráttarvöxtum auk málskostnaðar.

### Ábyrgðir

Félagið er ábyrgt fyrir lánnum sókna sem voru styrkhæfar samkvæmt lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld. Nema ábyrgðir í árslok 2020 237,4 millj. kr.

## Skýringar frh.

### 22. Samanburðarfjárhæðir

	Samkvæmt ársreikningum 2019						Rekstur samtals 2019
	Þjóðkirkjan	Kirkjumála-sjóður	Jöfnunarsjóður sókna	Kristnisjóður	Áhrif samruna	Leiðréttingar	
<b>Rekstrartekjur</b>							
Opinber framlög .....	3.039.200.000	293.779.069	380.063.832	169.700.000		( 93.800.000)	3.788.942.901
Leigutekjur .....	1.380.000	93.070.013					94.450.013
Aðrar tekjur .....	78.219.142	22.892.731			( 60.297.200)		40.814.673
	<u>3.118.799.142</u>	<u>409.741.813</u>	<u>380.063.832</u>	<u>169.700.000</u>	<u>( 60.297.200)</u>	<u>( 93.800.000)</u>	<u>3.924.207.587</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	2.519.988.607	180.100.774					2.700.089.381
Styrkir og tilfærslur .....	92.900.000		388.605.916	66.051.905			547.557.821
Rekstur og viðhald fasteigna .....	0	265.300.818					265.300.818
Annar rekstrarkostnaður .....	352.851.948	110.785.158	8.000.983	26.433.837	( 60.297.200)		437.774.726
Afskriftir .....	7.897.074	1.525.409					9.422.483
	<u>2.973.637.629</u>	<u>557.712.159</u>	<u>396.606.899</u>	<u>92.485.742</u>	<u>( 60.297.200)</u>	<u>0</u>	<u>3.960.145.229</u>
Rekstrarhagaður (-tap) fyrir fjármagnsliði	145.161.513	( 147.970.346)	( 16.543.067)	77.214.258	0	( 93.800.000)	( 35.937.642)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>							
Vaxtatekjur .....	12.346.575	476.190	19.547.029	1.406.873			33.776.667
Vaxtagjöld .....	( 176.183)	1.031.314		( 117.187)			737.944
Fjármagnstekjuskattur .....	0		( 1.183.126)	( 178.485)			( 1.361.611)
	<u>12.170.392</u>	<u>1.507.504</u>	<u>18.363.903</u>	<u>1.111.201</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>33.153.000</u>
<b>Tap ársins .....</b>	<u>157.331.905</u>	<u>( 146.462.842)</u>	<u>1.820.836</u>	<u>78.325.459</u>	<u>0</u>	<u>( 93.800.000)</u>	<u>( 2.784.642)</u>

## 22. Samanburðarfjárhæðir, framhald

Samkvæmt ársreikningum 2019

	<b>Þjóðkirkjan</b>	<b>Kirkjumála- sjóður</b>	<b>Jöfnunarsjóður sóknna</b>	<b>Kristnisjóður</b>	<b>Áhrif samruna</b>	<b>Leiðréttingar</b>	<b>samtals 2019</b>
<b>Eignir</b>							
Óefnislegar eignir .....	8.266.612						8.266.612
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	49.802.246	4.302.963.714	3.409.400				4.356.175.360
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	0	1.008.000					1.008.000
Skuldabréfaeign .....		20.135.476	10.945.786				31.081.262
Sauðfjárgreiðslumark .....		651.225					651.225
Fastafjármunir	58.068.858	4.324.758.415	14.355.186	0	0	0	4.397.182.459
Kröfur á tengda aðila .....	84.688.006	24.481.593	31.671.986				140.841.585
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar .....			850.788				850.788
Aðrar skammtímakröfur .....	292.245.859	43.769.467	39.941.396	162.588.961	( 463.083.185)		75.462.498
Handbært fé .....	259.583.578	3.095.516	498.146.311	51.037.319			811.862.724
Veltufjármunir	636.517.443	71.346.576	570.610.481	213.626.280	( 463.083.185)	0	1.029.017.595
<b>Eignir samtals</b>	<b>694.586.301</b>	<b>4.396.104.991</b>	<b>584.965.667</b>	<b>213.626.280</b>	<b>( 463.083.185)</b>	<b>0</b>	<b>5.426.200.054</b>
<b>Eigið fé</b>							
Höfuðstóll .....	397.467.564	5.272.256.954	441.886.901	200.064.212		( 93.800.000)	6.217.875.631
Ábyrgðardeild .....			85.115.743				85.115.743
Endurmatsreikningur .....	0	( 1.512.409.362)					( 1.512.409.362)
Eigið fé	397.467.564	3.759.847.592	527.002.644	200.064.212	0	( 93.800.000)	4.790.582.012
<b>Skuldir</b>							
Skuldabréfalán .....	0	259.430.783	0	0	0	0	259.430.783
Langtímaskuldir	0	259.430.783	0	0	0	0	259.430.783
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	0	11.086.085					11.086.085
Viðskiptaskuldir .....	15.960.035	62.123.596			( 20.820.948)		57.262.683
Skuldir við tengda aðila .....	1.377.590	264.752.543			( 251.964.931)		14.165.202
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	3.699.555						3.699.555
Aðrar skammtímaskuldir .....	276.081.557	38.864.392	57.963.023	13.562.068	( 190.297.306)	93.800.000	289.973.734
Skammtímaskuldir	297.118.737	376.826.616	57.963.023	13.562.068	( 463.083.185)	93.800.000	376.187.259
Skuldir samtals	297.118.737	636.257.399	57.963.023	13.562.068	( 463.083.185)	93.800.000	635.618.042
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>694.586.301</b>	<b>4.396.104.991</b>	<b>584.965.667</b>	<b>213.626.280</b>	<b>( 463.083.185)</b>	<b>0</b>	<b>5.426.200.054</b>



## 22. Samanburðarfjárhæðir, framhald

### Samkvæmt ársreikningum 2019

	<b>Þjóðkirkjan</b>	<b>Kirkjumála- sjóður</b>	<b>Jöfnunarsjóður sóknna</b>	<b>Kristnisjóður</b>	<b>Áhrif samruna</b>	<b>Leiðréttingar</b>	<b>samtals 2019</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Afkoma ársins .....	157.331.905	( 146.462.842)	1.820.836	78.325.459		( 93.800.000)	( 2.784.642)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							0
Söluþap (söluhagnaður) varanlegra .....		( 1.370.000)					( 1.370.000)
Afskriftir .....		1.525.409					1.525.409
Áfallnar verðbætur langtímalána .....		7.212.841					7.212.841
	<u>157.331.905</u>	<u>( 139.094.592)</u>	<u>1.820.836</u>	<u>78.325.459</u>	<u>0</u>	<u>( 93.800.000)</u>	<u>4.583.608</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Þjóðkirkjan, (hækkun) .....	0			( 65.168.658)	65.168.658		0
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun .....	( 155.652.360)	18.754.885	( 13.366.138)	( 5.199.044)		445.876	( 155.016.781)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....	( 10.870.839)	174.952.380	( 3.703.414)	( 543.878)	( 65.168.658)	51.229.337	145.894.928
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	( 166.523.199)	193.707.265	( 17.069.552)	( 70.911.580)	0	51.675.213	( 9.121.853)
	<u>( 9.191.294)</u>	<u>54.612.673</u>	<u>( 15.248.716)</u>	<u>7.413.879</u>	<u>0</u>	<u>( 42.124.787)</u>	<u>( 4.538.245)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	( 1.553.720)						( 1.553.720)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 44.209.997)	( 136.560.388)	( 3.409.400)				( 184.179.785)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		93.250.000					93.250.000
Skuldabréfaeign, afborgun .....		919.902	850.787				1.770.689
Kröfur á tengda aðila, breyting .....			445.876			( 445.876)	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 45.763.717)	( 42.390.486)	( 2.112.737)	0	0	( 445.876)	( 90.712.816)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Breyting á árslokastöðu fyrra árs .....	21.400.000			( 1.379.410)		( 20.020.590)	0
Afborganir langtímaskulda .....		( 10.328.941)					( 10.328.941)
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....							0
Skuldir við tengda aðila, breyting .....	( 62.591.253)					62.591.253	0
Aðrar skammtímaskuldir, breyting .....							0
Fjármögnunarhreyfingar	( 41.191.253)	( 10.328.941)	0	( 1.379.410)	0	42.570.663	( 10.328.941)
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	( 96.146.264)	1.893.246	( 17.361.453)	6.034.469	0	0	( 105.580.002)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	355.729.842	1.202.270	515.507.764	45.002.850			917.442.726
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	<u>259.583.578</u>	<u>3.095.516</u>	<u>498.146.311</u>	<u>51.037.319</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>811.862.724</u>

## Undirritunarsíða

Sigríður Helga Sveinsdóttir  
Sigríður Helga Sveinsdóttir

Axel Árnason Njarðvík  
Axel Árnason Njarðvík

Arna Grétarsdóttir  
Arna Grétarsdóttir

Stefán Magnússon  
Stefán Magnússon

Agnes M. Sigurðardóttir  
Agnes Sigurðardóttir

Svana Helen Björnsdóttir  
Svana Helen Björnsdóttir